

Ákvörðun nr. 30/2022
Miðvikudagur, 21. desember 2022

Samruni Langasjávar ehf. og K-102 ehf.

1. Með ákvörðun þessari er tekin afstaða til samruna Langasjávar ehf. (hér eftir „Langisjór“) og K-102 ehf. (hér eftir „K-102“). Í viðskiptunum felst að Langisjór kaupir allt hlutafé í K-102 og verður þar með eini eigandi þess.
2. Samruninn var tilkynntur Samkeppniseftirlitinu þann 24. nóvember 2022 með svokallaðri styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur eftirlitsins nr. 1390/2020. Samrunaskráin taldist fullnægjandi og tóku frestir til rannsóknar því að líða 25. nóvember 2022. Við athugun málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá, þeirra gagna sem með fylgdu, sem og opinberra gagna og aðgengilegra upplýsinga um viðkomandi starfsemi og samkeppnismarkaði.
3. Líkt og fram kemur í samrunaskrá er starfsemi samrunaaðila eftirfarandi:
 - a) Tilgangur Langasjávar er að stunda fjárfestingar í arðbærum atvinnurekstri og lánastarfsemi. Langisjór er með fjölbreyttan rekstur í gegnum 23 mismunandi dótturfélög, meðal annars félög í matvælavinnslu sem framleiða og selja vörur undir merkjum Ali, Matfugls og Mata. Þá á Langisjór allt hlutafé fasteignafélagsins Ölmu íbúðafélags hf. sem fjárfestir í, rekur og annast útleigu á íbúðarhúsnæði til einstaklinga og skammtímaleigu til ferðamanna í gegnum dótturfélög sín.
 - b) Tilgangur K-102 er eignarhald og rekstur fasteigna, lánastarfsemi og önnur skyld starfsemi. Eina dótturfélag þess er Freyja ehf. sem hefur að meginstarfsemi framleiðslu og sölu á sælgæti undir samnefndu vörumerki og margvíslegum öðrum þekktum vörumerkjum. Þá starfar félagið einnig við innflutning og heildsölu á skyldum vörum.
4. Samkvæmt samrunaskrá er markmið samrunans að styrkja stoðir samstæðu Langasjávar í íslenskri framleiðslu, nýta samlegðaráhrif til aukins rekstrarávinnings og auka útflutningsmöguleika. Telur Langisjór að samruninn muni skila sér í rekstrarlegum ávinningi þegar kemur að samnýtingu stoðsviða samstæðu Langasjávar. Jafnframt sé möguleiki á að nýta viðskiptasambönd til þess að bæta við núverandi útflutningsleiðir.
5. Í samrunaskrá kemur fram það mat samrunaaðila að þeir starfi að langstærstum hluta á ótengdum mörkuðum og því sé samruninn að mestu leyti svokallaður samsteypusamruni. Þá telji samrunaaðilar að aðeins afmarkaður hluti starfsemi fyrirtækjanna fari fram á sama markaði, þ.e. markaði fyrir útleigu atvinnuhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu. Að öðru leyti sé um samsteypusamruna að ræða þar sem aðrir markaðir sem samrunaaðilar starfi á séu ótengdir og því hafi fyrirhugaður samruni engin áhrif á þá markaði.
6. Þá segir í samrunaskrá að samruninn sé ekki til þess fallinn að hafa neikvæð áhrif á markaðsgerð markaðar fyrir útleigu atvinnuhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu, enda sé aðeins um lítilsháttar skörun að ræða. Samrunaaðilar telja einnig að markaðsráðandi staða verði ekki fyrir hendi eftir samrunann á þeim mörkuðum sem mál þetta varði enda ekkert félag með nægilega háa



markaðshlutdeild til þess að teljast markaðsráðandi, né hafi samruninn í för með sér röskun á samkeppni að öðru leyti. Þá telja samrunaaðilar einnig vert að nefna að aðeins lítið hlutfall af atvinnuhúsnæði í eigu samrunaaðila sé leigt til þriðja aðila, þ.e. er ekki leigt innan samstæðu til tengdra aðila.

7. Á grundvelli ofangreinds er það mat samrunaaðila að fyrirhugaður samruni leiði ekki til þess að samkeppni á ofangreindum markaði raskist þar sem (i) starfsemi samrunaaðila skarist ekki nema að takmörkuðu leyti, (ii) lítil sem engin samþjöppun eigi sér stað á markaði sem áhrifa gætir, og (iii) samkeppnislegur þrýstingur frá samkeppnisaðilum á mörkuðum þar sem skörunar kann að gæta sé til staðar.
8. Með vísan til fyrirliggjandi gagna og upplýsinga getur Samkeppniseftirlitið tekið undir skilgreiningar samrunaaðila um vöru- og þjónustumarkaði málsins; takmörkuð áhrif samrunans gæti einkum á markaði fyrir útleigu atvinnuhúsnæðis. Í því samhengi vísa samrunaaðilar til fyrri ákvarðana Samkeppniseftirlitsins m.a. um að keppinautar samrunaaðila á viðkomandi markaði, fasteignafélögin Eik, Reginn og Reitir sem sérhæfi sig í útleigu atvinnuhúsnæðis hafi verið talin með um 70% markaðshlutdeild á viðkomandi markaði. Því til viðbótar séu fleiri fasteignafélög starfandi á umræddum markaði. Vegna þessa sé markaðshlutdeild samrunaaðila hverfandi að sögn samrunaaðila.
9. Þá getur Samkeppniseftirlitið einnig tekið undir mat samrunaaðila um eðli samrunans og möguleg samkeppnisleg áhrif hans. Möguleg áhrif samrunans eru aðallega til marks um samsteypuáhrif en einnig takmörkuð lárétt áhrif. Lárétt skörun í starfsemi samrunaaðila takmarkast við samþjöppun vegna eignarhalds K-102 á nokkrum fasteignum fyrir atvinnuhúsnæði annars vegar og leigustarfsemi fyrir atvinnuhúsnæði Langasjávar hins vegar, þar sem stærri og sérhæfð fasteignafélög eru starfandi auk fjölda annarra keppinauta sem veiti samrunaaðilum samkeppnislegt aðhald.
10. Með vísan til framangreinds getur Samkeppniseftirlitið tekið undir með samrunaaðilum að ekki virðist myndast eða styrkjast markaðsráðandi staða með samrunanum sem krefjist íhlutunar. Er það mat Samkeppniseftirlitsins að samruninn muni ekki hafa þau áhrif að hann myndi eða styrki markaðsráðandi stöðu samrunaaðila á markaði málsins, eða raski samkeppni að öðru leyti með umtalsverðum hætti. Af þeim sökum er það niðurstaða eftirlitsins að ekki séu forsendur til að aðhafast vegna þessa samruna á grundvelli 17. gr. c samkeppnislaga.

Ákvörðunarorð

„Kaup Langasjávar ehf. á K-102 ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að aðhafast frekar í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Ásgeir Einarsson